



# Landbúnaðarháskóli Íslands ÁRSSKÝRSLA 2020



Útgefandi:

Landbúnaðarháskóli Íslands

[www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)

Uppsetning: Þórunn Edda Bjarnadóttir

Yfirllestur: Sólveig Magnúsdóttir & Ragnheiður I. Þórarinsdóttir

Myndir í ársskýrslu: Úr safni skólans

Útgefið: Maí 2021

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Efnisyfirlit.....                           | 3  |
| Ávarp rektors .....                         | 5  |
| Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands ..... | 6  |
| Rektorsskrifstofa .....                     | 7  |
| Gæðamál.....                                | 8  |
| Jafnréttisstarf .....                       | 9  |
| Markaðs- og kynningarmál .....              | 10 |
| Mannauður.....                              | 14 |
| Sjóðir á vegum skólans .....                | 17 |
| Rekstrarsvið .....                          | 19 |
| Rekstrarskrifstofa.....                     | 21 |
| Fjármál .....                               | 22 |
| Kennslusvið.....                            | 23 |
| Almennt .....                               | 24 |
| Náms- og starfsráðgjöf .....                | 24 |
| Endurmenntun .....                          | 26 |
| Brautskráning Lbhí 5. júní 2020 .....       | 28 |
| Brautskráðir nemendur frá Lbhí .....        | 32 |
| Landgræðsluskóli GRÓ LRT .....              | 35 |
| Almennt .....                               | 36 |
| Fagdeildir .....                            | 39 |
| Ræktun & Fæða.....                          | 40 |
| Náttúra & Skógur.....                       | 43 |
| Skipulag & Hönnun.....                      | 46 |
| Rannsóknasvið og alþjóðasamskipti.....      | 51 |
| Almennt .....                               | 52 |
| Rit Lbhí.....                               | 55 |
| Ritaskrá starfsmanna - ritrýnt efni.....    | 57 |



# Ávarp rektors

RAGNHEIÐUR I. ÞÓRARINSDÓTTIR, REKTOR

Árið 2020 var hugað að innviðum Landbúnaðarháskóla Íslands og það á ýmsum sviðum. Innleidd voru ný kennslu- og prófakerfi, Canvas og Inspira, sem auðvelda nemendum jafnt sem kennurum utanumhald um gögn og aðgengi þeirra í kennslu. Þessi kerfi hafa komið að sérlega góðum notum í fjarnáminu sem var óumflýjanlegt í Covid-19 faraldrinum og sem hafði mikil áhrif á skólastarf nánast allt árið. Starfsfólk og nemendur skólans notfærðu sér enn fremur fjarfundalausnir, svo sem Teams og Zoom, meira en nokkru sinni, fyrir smærri og stærri fundi, ráðstefnur og kynningarstarf.

Fest var kaup á skjalakerfinu WorkPoint. Kerfið byggir á SharePoint lausn í Microsoft Office 365 umhverfi og heldur utan um samninga og önnur mál, sem og gæðakerfi skólans. Landbúnaðarháskóli Íslands er fyrsti skólinn á Íslandi sem tekur upp WorkPoint. Með innleiðingu á WorkPoint stefnir skólinn á rafræna skjalavörslu og hefur kerfið verið tilkynnt til Þjóðskjalasafns Íslands en ríkisstofnanir og sveitarfélög sem hyggjast varðveita gögn sín á rafrænu formi er skylt að tilkynna öll rafræn kerfi til safnsins.

Nemendum fjölgaði á öllum námsstigum og í öllum deildum skólans. Aukningin var mest í BS námi í landslagsarkitektúr og í starfsmenntanámi í garðyrkju. Þá fjölgaði umsóknum í búfræðinámið og er leitað leiða til að anna aukinni eftirspurn, en í mörg ár hafa færri komist að en vilja í búfræðinám skólans. Einnig hefur fjölgað í hópi framhaldsnema og hafa nemendur í meistara- og doktorsnámi við skólann aldrei verið fleiri.

Nýtt skipurit kom til framkvæmda í upphafi ársins og nýir deildarforsetar tóku til starfa í fagdeildunum þremur: Ræktun & Fæða, Náttúra & Skógur og Skipulag & Hönnun. Ráðið var í ný störf mannauðs- og gæðastjóra og upplýsinga- og skjalastjóra í byrjun ársins, um mitt ár fékk kennsluskrifstofa liðsstyrk og nýr starfsmaður var ráðinn í móttökuna. Akademískum starfsmönnum, rannsóknafólki og kennurum fjölgaði með nýráðningum á öllum deildum og undirritaðir voru samningar við gestakennara. Í lok árs var ráðið í starfaðstoðarrektors. Góð sókn var í samkeppnissjóði og fengust hátt í 300 milljónir samþykktar til verkefna skólans, sem er mikil aukning frá fyrri árum. Samningur við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var endurnýjaður þar sem sérstök áhersla er lögð á fæðuöryggi, heilnæma og umhverfisvæna matvælaframleiðslu og aukið samstarf aðila. Þá var ýmsum öðrum samstarfsverkefnum um nýsköpun komið á fót og má nefna samstarfsverkefnið Orkídea sem stofnað var til ásamt Landsvirkjun, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Miklar framkvæmdir voru á Reykjum á árinu, unnið var að endurnýjun Garðskálans, fimm kennslustofur voru endurnýjaðar með öllum tölva- og húsbúnaði, mötuneyti og eldhús var endurbætt, umtalsvert viðhald fór fram á skólastjórahúsi sem nú hýsir nemendagarða, lagfæringar gerðar á Bananahúsi, auk þess sem unnið var að endurbótum á Fífilbrekku með styrk frá Húsafriðunarsjóði. Þá var unnið að ýmsum endurbótum á Hvanneyri og Keldnaholti og settar upp rahleðslustöðvar fyrir bíla. Í lok árs voru keyptir þrjú rafmagnsbílar. Ýmis tæki og búnaður

var keyptur til rannsókna og kennslu á öllum starfsstöðvum. Þá ber að nefna undirbúning að byggingu Jarðræktarmiðstöðvar og kaupum á Mið-Fossum.

Landgræðsluskólinn heyrir frá 1. janúar 2020 undir GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu. GRÓ starfar undir merkjum Mennta-, vísinda- og

menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. Nemendum sem voru væntanlegir til landsins í sex mánaða þjálfun hjá Landgræðsluskólanum 2020 var snúið við vegna heimsfaraldursins, en flestir þeirra koma til landsins 2021.

Nemendum, starfsfólki og hagaðilum er þakkað fyrir skemmtilegt og gefandi samstarf á árinu 2020.

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

### Aðalmenn

- **Ragnheiður I. Þórarinsdóttir**, rektor LbhÍ
- **Guðveig Lind Eyglóardóttir**, sveitarstjórnarfulltrúi og hóteltjóri, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra
- **Halldór Þorgeirsson**, plöntulífeðlisfræðingur, tilnefndur af háskólaráði
- **Jón Kristófer Arnarson**, námsbrautarstjóri garð- og skógarplöntubraut, fulltrúi starfsmanna
- **Jóhannes Sveinbjörnsson**, dósent, fulltrúi starfsmanna
- **Margrét Björnsdóttir**, formaður nemendafélags LbhÍ og landslagsarkitektúrnermi, fulltrúi nemenda
- **Torfi Jóhannesson**, aðalráðgjafi á sviði landbúnaðar og skógræktar hjá Norrænu ráðherranefndinni, tilnefndur af háskólaráði

### Varamenn

- **Álfheiður Sverrisdóttir**, deildarfulltrúi, varamaður fyrir Jón Kristófer Arnarson
- **Bjarni Freyr Gunnarsson**, nemandi í búfræði, varamaður fyrir Margréti Björnsdóttur
- **Guðrún Sigríður Tryggvadóttir**, bóndi Svartáarkoti, varamaður fyrir Guðveigu Lind Eyglóardóttur
- **Hrönn Jörundsdóttir**, forstjóri MAST, varamaður fyrir Halldór Þorgeirsson og Torfa Jóhannesson
- **Ragnhildur Helga Jónsdóttir**, aðjúnt og brautarstjóri náttúru- og umhverfisfræði, varamaður fyrir Jóhannes Sveinbjörnsson

# Rektorsskrifstofa



# Gæðamál

## GUÐMUNDA SMÁRADÓTTIR, MANNAUÐS- OG GÆÐASTJÓRI

Í upphafi árs 2020 tók Guðmunda Smáradóttir við starfi mannaúds- og gæðastjóra af Þórönnu Jónsdóttur.

Verkefnin voru fjölbreytt á árinu og lituðust ekki hvað síst af heimsfaraldrinum.

Gæðaráð háskólanna skilaði í apríl framvinduskýrslu (e. *Mid-Term Progress Report*) til LbhÍ sem endurgjöf á áfangaskýrslu (e. *Mid-Term Review*) sem LbhÍ skilaði til Gæðaráðs háskólanna árið 2019. Niðurstöður skýrslunnar voru góðar og hvatning til áframhaldandi uppbyggingar við skólann. Stefnu og framtíðarsýn skólans var hrósað og því að skólinn hefði valið sér mælanleg markmið til að fylgja stefnunni eftir.

Landbúnaðarháskóli Íslands hlaut í maí vottun um að háskólinn starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Jafnlaunakerfi Landbúnaðarháskóla Íslands nær til allra starfsmanna skólans. Kerfið er samansafn af ferlum, launaviðmiðum, skjölun, verklagi og fleiru til að tryggja að málsmeðferð og ákvarðanatáka í launamálum feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Gæðastefna LbhÍ var samþykkt af háskólaráði á árinu. Með gæðastefnu skólans setur LbhÍ sér m.a. þau markmið að þróa gæðakerfi sem er í samræmi við Rammaáætlun Gæðaráðs íslenskra háskóla, Kröfur og leiðbeiningar fyrir gæðatryggingu á sviði æðri menntunar í Evrópu og stefnu LbhÍ. Skólinn setur sér þau markmið að styðja við sjálfsmat fagdeilda þar sem sýnt er fram á gæði námsumhverfis nemenda, gæði prófgráðna og að gæði rannsókna séu tryggð með kerfisbundnum hætti. Skólinn setur sér að auki

þau markmið að efla hugarfar gæðamenningar með stöðugum umbótum, þjálfun og fræðslu.

Á árinu var áfram unnið að því að taka saman fyrirliggjandi reglur, bæta við og uppfæra stefnur í gæðahandbók í UGLU. Tekin var ákvörðun á árinu um að fjárfesta í nýju SharePoint gæðakerfi samhliða kaupum á nýju skjalakerfi skólans. Gæðahandbók LbhÍ verður lifandi skjal í nýju gæðakerfi skólans.

Öryggisnefnd LbhÍ vann gott starf á árinu í kjölfar úttektar Vinnuefirlitsins á starfsstöðvum skólans. Tilmælum um úrbætur var sinnt og gott samstarf við Ríkiseignir. Ákveðið var að taka upp eigið eldvarnarefirlit á öllum starfsstöðvum skólans, tækjabúnaður, öryggisbúnaður og neyðarútgangar voru yfirfarnir svo eitthvað sé nefnt.

Í tengslum við aukna vinnuvernd og áherslu á bætt heilsu- og vinnuumhverfi starfsmanna var samningur um aukna þjónustu Vinnuverndar gerður á árinu. Samningurinn felur í sér trúnaðarlæknaþjónustu, ráðgjöf hjúkrunarfræðinga, heilsufarsmat, inflúensubólusetningar, samtalsmeðferð við sálfræðinga og vinnustaðaúttekt sjúkraþjálfara.

Í kjölfar heimsfaraldurs var viðbragðsáætlun sett fram og kynnt. Markmið viðbragðsáætlunarinnar er að tryggja skipulögð viðbrögð og að nauðsynleg aðstoð berist á sem skemmstum tíma ef hættuástand skapast. Í viðbragðsáætluninni er sett fram áætlun um viðbrögð við ógnum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum ofl. Neyðarstjórn skólans var stofnuð og virkjuð á árinu og kom reglulega saman vegna viðbragða við heimsfaraldrinum.



Landbúnaðarháskólinn gekk undir lok árs 2020 til samstarfs við CEO HUXUN um mánaðarlegar mannauðsmælingar meðal starfsmanna og stjórnenda. Markmiðið með mannauðsmælingum er ekki hvað síst að byggja upp betri gæðavitund og skapa vettvang fyrir starfsmenn til þess að koma með ábendingar og tillögur að bættu starfsumhverfi sem leiðir til aukinnar starfsánægu og trausts.

Síðast en ekki síst gekk skólinn á árinu til samstarfs við Franklin Covey á Íslandi um starfsmanna- og stjórnendabjálfun. Samstarfið er liður í innleiðingu stefnu skólans auk markvissrar starfsmanna- og stjórnendabjálfunar. Starfsmönnum var boðið að sækja vinnustofur og kynnst verkferlum 7 venja til árangurs. Þjálfunin byggir á mest seldu stjórnunarbók allra tíma: 7 Habits of Highly Effective People, eftir Stephen Covey.

## Jafnréttisstarf

### SÓLVEIG MAGNÚSDÓTTIR, SKJALA- OG UPPLÝSINGAFULLTRÚI

Við Landbúnaðarháskóla Íslands er starfandi jafnréttisfulltrúi, Eyjólfur K. Örnólfsson sem fer með umsjón jafnréttismála hjá Landbúnaðarháskóla Íslands í umboði rektors. Einnig er starfandi jafnréttisnefnd sem í eru auk jafnréttisfulltrúa, Sólveig Magnúsdóttir, fulltrúi starfsmanna og Ásta Óskarsdóttir, fulltrúi nemenda sem styrkja jafnréttisfulltrúa í starfi sínu. Jafnréttisfulltrúi mótar og gerir tillögu um jafnréttisáætlun fyrir skólann, fylgist með framgangi hennar og endurskoðar hana reglulega. Í mars 2020 var jafnréttisáætlun endurskoðuð

[https://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/um\\_lbhi/reglugerdir/200416\\_jafnrettisaaetlun.pdf](https://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/um_lbhi/reglugerdir/200416_jafnrettisaaetlun.pdf).

Jafnréttisfulltrúi tekur þátt í samráðsvettvangi háskólanna í jafnréttismálum og sameiginlega héldu opinberu háskólarnir árlega jafnréttisdaga

3.-7. febrúar. Dagskráin var fjölbreytt og byggði á þverfaglegu samstarfi þar sem markmiðið var að sameina hátíðarbrag og gagnrýna sýn á stöðu jafnréttismála.

Í byrjun skólastarfs, 18. og 19. ágúst fóru aðilar í jafnréttisnefnd inn í kennslustundir hjá öllum nýnemum og kynntu fyrir þeim jafnréttismál innan skólans, jafnréttisáætlun og hlutverk og starfsemi jafnréttisnefndarinnar.

Í vinnu við innleiðingu á jafnlaunavottun árið 2020 setti skólinn sér ákveðin markmið varðandi launamun kynjanna og voru þau markmið lögð til umsagnar hjá jafnréttisnefnd sem síðan skilaði af sér umsögn. Landbúnaðarháskóli Íslands hlaut formlega vottun um að háskólinn starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 í júní 2020.

# Markaðs- og kynningarmál

RÓSA BJÖRK JÓNSDÓTTIR, KYNNINGARSTJÓRI

Kynningarstjóri starfar í góðri samvinnu við annað starfsfólk og nemendur. Kynningarstjóri er einnig markaðsstjóri og vefstjóri ásamt því að hafa umsjón með útgáfumálum skólans. Kynningarstjóri starfar undir rektor.

Árið 2020 litaðist af Covid-19 faraldrinum og mikið af starfi framhalds- og háskólanna féll niður eða var frestað og hægt og rólega færðist hluti á stafrænan máta. Má þar nefna rafrænar kynningar í framhaldsskólum og eitthvað af viðburðum fært yfir í streymi.

## Markaðsefni og auglýsingar

Nýr námsleiðabæklingur var gefinn út í upphafi árs 2020. Bæklingurinn er í A5 broti og telur 40 síður. Í honum er yfirlit yfir allar námsbrautir þar sem hver braut fær eina opnu. Hugmyndin með honum var að allt nám þvert á námsstig fái sín notið. Hver braut er sett upp með sama hætti og auðvelt er að sjá aðalatriði eins og námsstig, lengd og starfsstöð. Brautunum er svo raðað í röð eftir fagdeildunum þremur Ræktun & Fæða, Skipulag & Hönnun og Náttúra & Skógur. Bæklingnum var svo dreift á Háskóladeginum í lok febrúar. Upplagið var 1000 eintök og prentað í Ísafoldarprentsmiðju.



Fyrir utan bæklingana var útbúið prentefni á rúllustanda, einn með hverri fagdeild fyrir sig og brautir þar undir ásamt einföldum standi með merki skólans og öðrum með myndum og táknum fyrir hverja braut. Áhersla var lögð á skemmtilegar myndir og líflegt útlit. Einnig voru útbúnir endurskinsborðar með merki skólans og „sjáumst“ auk merktra penna og bolla sem ýmist var notað eða gefið gestum við ýmis tækifæri.

## Auglýsingaherferð

Auglýsingastofan Pipar TBWA hefur séð um birtingarplan og utanumhald í samstarfi við kynningarstjóra við markaðsherferð sem farið er í að vori og stendur fram að lokadegi umsókna í byrjun júní. Árið 2020 var umsóknarfrestur framlengdur til 15. júní vegna óvissu á covid tímum. Herferðin hófst



27. apríl og stóð fram til 15. júní. Fyrir herferðina á samfélagsmiðlum Facebook og Instagram má sjá að flestir smellir komu frá Facebook eða 69% og fleiri hjá eldri markhópum. Fleiri smellir voru á Instagram Story hjá yngri hópnum en þeim eldri. Smellir þar voru 20% og smellir af Instagram Feed voru 10%.

Árangur innlendra vefborða í vorherferðinni var ágætur en heildarsmellhlutfall var 0,11% og var meðalkostnaður við smell 483 kr. Fyrir utan efnisgerð í prent-, stafræna, umhverfis og ljósvakamiðla er lendingarsíðan umsoknir.lbhi.is þangað sem umferð er beint af stafrænu miðlunum m.a. sem og sýnileiki á samfélagsmiðlum eins og Facebook og Instagram. Farið var í tókur á nýju efni fyrir auglýsingar og var þá áhersla á að bæta við efni tengt garðyrkjunáminu. Farið var í tókur snemmvors á Reykjum þar sem nemendur voru í aðalhlutverki og tekið upp efni þar sem þeir voru við störf.

### Fjölmiðlavöktun

Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla fyrir árið 2020 sýnir mest magn á netmiðlum (224) prentmiðlar (174) sérvefir (40) og ljósvakamiðlar (19). Hækkun er á fjölda birtra fréttu milli ára. Mesta umfjöllun er í Bændablaðinu þá næst í Skessuhorni. Á netmiðlum er mesta umfjöllun í Bændablaðinu og þá í Morgunblaðinu og síðan í Fréttablaðinu. Í samanburði við umfjallanir á öðrum háskólum er LbhÍ í 5. sæti með 457 fréttir. Háskólinn á Akureyri með 766, Listaháskólinn með 1.021 frétt, Háskólinn í Reykjavík með 1.590 fréttir og Háskóli Íslands efstur með 6.632.

### Kynningar

Háskóladagurinn 2020 var haldinn rétt áður en að samkomutakmarkanir skullu á, þann 29. feb. LbhÍ var með kynningarbása á þremur stöðum; í HÍ, HR og LHÍ. Kynningarnar voru hefðbundnar og lögð áhersla á að kynna framboð á grunnnámi við skólann ásamt því að kynna hann í heild. Við vorum

með góða viðveru í húsakynnum Listaháskólans í fyrsta skipti þar sem fulltrúar frá skipulagsfræði voru á staðnum og sögðu frá meistaranámi í skipulagsfræði en aðaláhersla var á BS nám í landslagsarkitektúr þar sem fulltrúar nemenda og kennara kynntu brautina. Við vorum einnig í fyrsta skipti með viðveru í húsakynnum HR og kynntu nemendur og kennarar námið. Einnig vorum við á neðri hæð háskólatorgs HÍ. Þar var góður hópur af nemendum og starfsfólki og sem kynntu skólann í heild. Í framhaldi af háskóladeginum í Reykjavík var stefnt að Háskóladegi á Akureyri sem var svo felldur niður vegna Covid faraldursins. Aðrar heimsóknir í skóla eða kynningar féllu niður eða frestuðust sökum samkomutakmarkana og aðstæðna í Þjóðfélaginu. Þó var aðeins um kynningar í gegnum fjarfundamiðla sem gekk vel.

Vegna samkomutakmarkana var brugðið á það ráð að vera með vefkynningu á nýrri meistaranámsbraut við skólann, Umhverfisbreytingar á norðurslóðum e. *Environmental Changes at Higher Latitudes*. Kynningin var í lifandi streymi gegnum Facebook og gekk mjög vel og er góður vettvangur til að koma efni til skila í gegnum netið á tímum lokana. Umsóknarfrestur í námið var 15. apríl og var kynningin haldin 8. apríl 2020.

### Viðburðir og heimsóknir

Helstu viðburðir og heimsóknir árið 2020 voru fjölbreyttar þó síðari hluti ársins hafi verðið litaður af heimsfaraldri og þá var ekkert um heimsóknir og viðburðum frestað eða aflýst. Í janúar fengum við heimsókn frá Slóvakíu. Þar var á ferðinni 35 manna hópur framámanna í landbúnaði og stjórnkerfi ásamt fulltrúum hagsmunaaðila. Hópurinn heimsótti starfsstöðina á Reykjum og kynnti sér vistvæna nýtingu jarðvarma í landbúnaði. Guðríður Helgadóttir starfsmenntanámstjóri hélt erindi fyrir hópinn og tók á móti ásamt Guðmundu Smáradóttur

gæða- og mannauðsstjóra. Nemendafélag skólans hélt Viskukúna, árlegu spurningakeppnina og tókst mjög vel til. Við fengum heimsóknir frá góðum hópi Vinstri Grænna með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra í febrúar og gaf hópurinn sér góðan tíma á staðnum og hitti starfsfólk og nemendur ásamt því að skoða sig um á starfsstöðinni á Hvanneyri. Þá kom hópur Framsóknarmanna af Vesturlandi með Sigurð Inga Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í för og skoðuðu þau aðstöðuna á starfsstöðinni á Hvanneyri og kynntu sér starfsemi skólans í heild.



Í lok febrúar fengum við Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til okkar á Hvanneyri þar sem tilefnið var að undirrita endurnýjaðan samning um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðar ráðgjafar fyrir árin 2020-2023. Þá kom ráðherra einnig ásamt Haraldi Benediktssyni og Brynjari Níelssyni að kynna sér starfsemi skólans og aðstöðu á Hvanneyri og Mið-Fossum. Í maí var skrifað undir áframhaldandi samning um leigu á aðstöðu hestamiðstöðvarinnar á Mið-Fossum og skrifuðu undir hann Ármann Ármannsson f.h. eigenda og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir rektor í hesthúsinu á Mið-Fossum. Í lok maí mánaðar fengum við að skoða starfsemi Omega Algae sem leigja klefa í tilraunagróðurhúsinu á Reykjum. Starfsmenn OA sýndu starfsfólki LbhÍ aðstöðuna og kynntu starfsemina. Þá fengum við heimsókn og kynningu á viðskiptahraðlinum Til sjávar og sveita í lok maí þar sem forsvarsmenn kynntu



verkefnið og auglýstu eftir verkefnum. Í júní fengum við heimsókn á Hvanneyri frá 60 ára búfræðingum sem skoðuðu núverandi aðalbyggingu ásamt því að fara um gamla staðinn og rifja upp gamla tíma.


Meira var um undirskriftir, m.a. endurnýjun á samningi við Menntaskóla Borgarfjarðar um sameiginlega braut í búfræði. Þar geta nemendur hafið nám í MB á náttúrufræðibraut-búfræðilínu og ljúka svo síðari tveimur árunum á Hvanneyri á búfræðibraut. Nemendur klára þá með sameiginlegt stúdentspróf frá MB og búfræðipróf frá LbhÍ. Samningurinn var útvíkkaður þannig að hann tæki einnig til garðyrkjunámsins. Þá getur nemandi hafið námið í MB og lokið svo á garðyrkjubrautum kenndum á Reykjum og þá hlotið sameiginlega stúdentsgráðu frá MB og garðyrkjufræðings frá LbhÍ. Samskonar samningur er við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Samstarfssamningur um Orkídeu, samstarfsverkefni um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Landbúnaðarháskóla Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, var undirritaður í júlí á starfsstöð skólans að Reykjum. Þar skrifuðu undir Eva Björk Harðardóttir, formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.



Skólafárið hófst aftur með nýnemamóttöku í lok ágúst en nýnemar í garðyrkju höfðu hist í júní í Grasagarðinum í Reykjavík vegna endurbyggingar á garðskálanum á Reykjum.

Í nóvember afhenti Guðríður Helgadóttir starfsmenntanámsstjóri og verkefnisstjóri TreProX Þórdísi Kolbrúnu Reykaförð Gylfadóttur og Hallgrími Jónassyni forstöðumanni Rannís formlega fyrstu eintök bókarinnar Gæðafjalir – viðskiptaflokkun á timbri úr barrtrjám við stutta athöfn við Rannsóknastofnun Skógræktarinnar á Mógilsá, en bókin er fyrsta afurðin úr evrópska samstarfsverkefninu TreProX.



### Brautskráningar

30. maí var haldin hátíðleg brautskráning garðyrkjunema frá Reykjum í Hveragerðiskirkju og var kaffisamsæti að lokinni athöfn. Þá voru veitt verðlaun fyrir góðan árangur í námi og glaðst yfir áfanganum.

5. júní var síðan haldin brautskráning búfræði- og háskólanema í Hjálmakletti í Borgarnesi. Við hátíðlega athöfn voru auk brautskráningar veitt verðlaun fyrir góðan námsárangur og úthlutun styrkja á vegum skólans. Að lokinni athöfn var kaffisamsæti í Ásgarði á Hvanneyri.

# Mannauður

KRISTÍN SIEMSEN, SKRIFSTOFUSTJÓRI

| Nafn                                | Starfsheiti                                |
|-------------------------------------|--|
| Anna Guðrún Þórðardóttir            | Kennari                                    |
| Arngrímur Thorlacius                | Dósent                                     |
| Ágústa Erlingsdóttir                | Námsbrautarstjóri skruðgarðyrkjubrautar    |
| Álfheiður B Marinósdóttir           | Kennslustjóri                              |
| Álfheiður Sverrisdóttir             | Deildarfulltrúi                            |
| Ása Lovísa Aradóttir                | Prófessor                                  |
| Áshildur Bragadóttir                | Endurmenntunarstjóri                       |
| Berglind Orradóttir                 | Aðstoðarforstöðumaður Landgræðsluskóla     |
| Birna Kristín Baldursdóttir         | Lektor                                     |
| Bjarni Diðrik Sigurðsson            | Prófessor                                  |
| Björgvin Örn Eggertsson             | Námsbrautarstjóri Skógar og náttúrubrautar |
| Björn Þorsteinsson                  | Prófessor                                  |
| Brita Kristina Berglund             | Sérfræðingur                               |
| Börkur Halldór Blöndal Hrafnkelsson | Starfsmaður í gróðurhúsi                   |
| Christian Schultze                  | Rannsókn- og alþjóðafulltrúi               |
| Christina Maria Stadler             | Lektor                                     |
| Dagný Sigurðardóttir                | Gjaldkeri                                  |
| Edda Þorvaldsdóttir                 | Kennari                                    |
| Elías Hilmarsson                    | Matráður                                   |
| Elías Óskarsson                     | Umsjónarmaður gróðurhúsa                   |
| Elín Davíðsdóttir                   | Starfsmaður bús                            |
| Emmanuel Pierre Pagneux             | Lektor                                     |
| Erla Sturludóttir                   | Lektor                                     |
| Eyjólfur Kristinn Örnólfsson        | Aðjúnkt, námsbrautarstjóri Búfræðibrautar  |
| Fanney Ósk Gísladóttir              | Lektor                                     |
| Guðjón Helgi Þorvaldsson            | Kerfisstjóri                               |
| Guðmunda Smáradóttir                | Mannauðs- og gæðastjóri                    |
| Guðni Þorgrímur Þorvaldsson         | Prófessor                                  |
| Guðríður Helgadóttir                | Starfsmenntanámsstjóri                     |
| Guðrún Lárusdóttir                  | Endurmenntunarstjóri                       |
| Guðrún Þórðardóttir                 | Bókasafnsfræðingur                         |
| Gunnar Reynisson                    | Aðjúnkt                                    |
| Gunnar Örn Kárason                  | Kennari                                    |

| Nafn                           | Starfsheiti                                     |
|--------------------------------|---|
| Hafdís Ósk Jónsdóttir          | Ræstitæknir                                     |
| Halldóra Traustadóttir         | Skrifstofustjóri Landgræðsluskólans             |
| Haukur Þórðarson               | Kennari   |
| Helena Guttormsdóttir          | Lektor  |
| Hinrik Þór Sigurðsson          | Verkefnastjóri                                  |
| Hlynur Óskarsson               | Dósent  |
| Hrannar Smári Hilmarsson       | Tilraunastjóri                                  |
| Ingólfur Guðnason              | Námsbrautarstjóri Garðyrkjuframleiðslubrautar   |
| Isabel Pilar Catalan Barrio    | Dósent, deildarforseti Náttúru og skógar        |
| Jófríður Leifsdóttir           | Rannsóknamaður                                  |
| Jóhanna M Kristjánsdóttir      | Ræstitæknir                                     |
| Jóhannes Guðbrandsson          | Nýdoktor  |
| Jóhannes Kristjánsson          | Kennari   |
| Jóhannes Sveinbjörnsson        | Dósent  |
| Jón Guðmundsson                | Lektor  |
| Jón Hallsteinn Hallsson        | Prófessor                                       |
| Jón Kristófer Arnarson         | Námsbrautarstjóri Garð- og skógarplöntubrautar  |
| Jónína Sigríður Þorláksdóttir  | Doktorsnemi                                     |
| Jónína Svavarsdóttir           | Sérfræðingur                                    |
| Karen Björg Gestsdóttir        | Kennari   |
| Kristín Pétursdóttir           | Lektor, námsbrautarstjóri Landslagsarkitektúrs  |
| Kristín Siemsen                | Skrifstofustjóri rekstrarsviðs                  |
| Kristín Theodóra Ragnarsdóttir | Fjármálastjóri                                  |
| Linda Sif Níelsdóttir          | Verkefnastjóri                                  |
| Logi Sigurðsson                | Bústjóri  |
| Margrét Ágústa Jónsdóttir      | Deildarfulltrúi                                 |
| Maria Wilke                    | Doktorsnemi                                     |
| María Svavarsdóttir            | Sérfræðingur í rannsóknum                       |
| Már Guðmundsson                | Umsjónarmaður útisvæða                          |
| Oddný Sólveig Jónsdóttir       | Þjónustufulltrúi                                |
| Ólafur Gestur Arnalds          | Prófessor                                       |
| Ólöf Ósk Guðmundsdóttir        | Aðjúnt  |
| Pavla Dagsson Waldhauserová    | Sérfræðingur                                    |
| Páll Sigurðsson                | Sérfræðingur                                    |
| Pétur Jónsson                  | Rekstrarstjóri fasteigna                        |
| Ragnheiður I Þórarinsdóttir    | Rektor  |
| Ragnhildur Helga Jónsdóttir    | Aðjúnt, námsbrautarstjóri Náttúru- og umhverfis |
| Rósa Björk Jónsdóttir          | Kynningarstjóri                                 |
| Ruth Phoebe Tchana Wandji      | Doktorsnemi                                     |

| Nafn                           | Starfsheiti                                  |
|--------------------------------|--|
| Samson Bjarnar Harðarson       | Lektor                                       |
| Selma Ágústsdóttir             | Þjónustufulltrúi                             |
| Sigríður Ása Guðmundsdóttir    | Bókari                                       |
| Sigríður Kristjánsdóttir       | Dósent, deildarforseti Skipulags og hönnunar |
| Sigurborg Hanna Sigurðardóttir | Kennari                                      |
| Símon Arnar Pálsson            | Umsjónarmaður fasteigna                      |
| Sjöfn Vilhelmsdóttir           | Forstöðumaður Landgræðsluskóla               |
| Snorri Baldursson              | Sérfræðingur                                 |
| Sólveig Magnúsdóttir           | Upplýsinga- og skjalastjóri                  |
| Steinunn Garðarsdóttir         | Sérfræðingur í rannsóknum                    |
| Svala Sigurgeirsdóttir         | Deildarfulltrúi                              |
| Svava Brynja Bjarnadóttir      | Ræstitæknir                                  |
| Teitur Sævarsson               | Rannsóknamaður                               |
| Úlfur Óskarsson                | Lektor                                       |
| Þorkell Þórðarson              | Starfsmaður bús                              |
| Þóroddur Sveinsson             | Lektor, deildarforseti Ræktunar og fæðu      |
| Þórunn Edda Bjarnadóttir       | Deildarfulltrúi                              |
| Þröstur Þórsson                | Starfsmaður fasteigna og útisvæða            |

Til þeirra sem hættu störfum á árinu vegna aldurs eða hurfu til annarra starfa;  
bestu þakkir fyrir samstarfið og gangi ykkur allt í haginn á nýjum vettvangi.



## Sjóðir á vegum skólans

### RAGNHEIÐUR I. ÞÓRARINSDÓTTIR

Við brautskráningu voru veittir styrkir til framhaldsnáms úr Framfarasjóði og Blikastaðasjóði.

#### Blikastaðasjóður

Magnús Sigsteinsson, einn af stofnendum Blikastaðasjóðs, veitti **Heiðrúnu Sigurðardóttur** styrk til doktorsnáms við Landbúnaðarháskóla Íslands og Sænska landbúnaðarháskólann SLU. Verkefni hennar heitir Exploring the genetic regulation of ability and quality of gaits in Icelandic horses og miðar að því að auka þekkingu á erfðafræðilegum grunni gangtegunda íslenska hestsins.



#### Framfarasjóður Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og fisk

Geirlaug Þorvaldsdóttir, fulltrúi stofnenda Framfarasjóðs Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og fisk veitti **Hönnu Valdísi Guðjónsdóttur** styrk til framhaldsnáms, en hún hóf MS-nám í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands síðastliðið haust.



#### Minningarsjóður Hjartar Snorrasonar og Ragnheiðar Torfadóttur

Sjóðurinn var stofnaður til minningar um Hjört Snorrason og Ragnheiði Torfadóttur, skólastjóra hjón á Hvanneyri, af sonum þeirra á 75 ára afmæli Hvanneyrarskólans.

*Árið 2020 hlaut Þorvaldur Ragnar Þorbjörnsson styrk vegna góðs árangurs í námsdvöl.*





# Rekstrarsvið





# Rekstrarskrifstofa

KRISTÍN SIEMSEN, SKRIFSTOFUSTJÓRI

**Rekstrarskrifstofa** annast fjármál, bókhald, launaútreikninga, áætlanagerð, innheimtu og önnur tengd verkefni. Tölvumál heyra einnig undir rekstrarsvið.

**Starfsmenn á rekstrarskrifstofu 2020** voru:

- Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri
- Kristín Siemsen, skrifstofustjóri
- Dagný Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Sigríður Ása Guðmundsdóttir, bókarí
- Oddný Sólveig Jónsdóttir, þjónustufulltrúi (49%)
- Selma Ágústsdóttir, þjónustufulltrúi (50%)

**Tölvuþjónusta** annast rekstur tölvukerfa, gagnaveitna og annara tæknimála.

**Starfsmenn tölvuþjónustu 2020** voru:

- Guðjón Helgi Þorvaldsson, kerfisstjóri
  - Þórir Freyr Flosason, tölvumaður (hætti 1. júní)
- Gerður var þjónustusamningur við Tölvuþjónustuna frá 1. ágúst.

**Bókasafnið** rekur þjónustu og útlánastarfsemi á þremur stöðum, Hvanneyri, Keldnaholti og Reykjum. Safnið er sérhæft á sviði náttúruvísinda, einkum búfræði, garðyrkju og umhverfisfræða.

**Starfsmenn bókasafna 2020** voru þessir:

- Guðrún Þórðard., bókasafnsfræðingur (70%).
- Elín Davíðsdóttir, bókavörður (30%)

**Rannsóknarstofur** eru starfræktar á Hvanneyri og Keldnaholti vegna kennslu- og rannsóknaverkefna innan skólans. Á Keldnaholti eru starfræktar rannsóknastofur í jarðvegsfræði, sameindafræði og

til mælinga á gróðurhúsalofttegundum. Á Hvanneyri eru rannsóknastofur vegna kennslu og efnagreininga á fóðri og gróðri.

**Hvanneyrarbúið ehf** er alfarið í eigu skólans og rekur kúabú á Hvanneyri. Búreksturinn er grunnur fyrir mikilvæga þætti í kennslu og rannsóknum við stofnunina. Áhersla hefur verið á búfjárrækt og jarðrækt en á seinni árum einnig atferlis-, umhverfis- og orkuvísindi.

**Tilraunaaðstaða**

Á Hvanneyri í Borgarfirði er tilrauna- og kennslufjós og aðstaða til allra jarðræktar- og umhverfissrannsókna.

Á **Hesti í Borgarfirði** er tilraunabú LbhÍ í sauðfjárrækt. Þar fara fram kynbóta- og erfðarannsóknir, ásamt tilraunum með jarðrækt og meðferð og fóðrun sauðfjár. Jörðin hefur einnig verið nýtt til rannsókna í umhverfismálum m.a. varðandi endurheimt votlendis.

Á **Reykjum í Ölfusi** er gróðurhús og þar fara fram tilraunir í ylækt og uppeldi plantna. Útiaðstaða er fyrir tilraunir í ræktun matjurta og garðplantna.

Á **Möðruvöllum í Hörgárdal** er aðstaða fyrir jarðræktartilraunir

# Fjármál

THEODÓRA RAGNARSDÓTTIR, REKSTRARSTJÓRI

Bráðabirgðaniðurstaða ársreiknings LbhÍ (21. maí 2021)

|                            | 2020                  | 2019                 |
|----------------------------|-----------------------|----------------------|
| <b>Tekjur</b>              |                       |                      |
| Sértekjur                  | 657.035.530           | 648.278.150          |
| Aðrar rekstrartekjur       | 60.223.500            | 57.767.900           |
| <b>Tekjur samtals</b>      | <b>717.259.030</b>    | <b>706.046.050</b>   |
| <b>Gjöld</b>               |                       |                      |
| Laun                       | 957.453.587           | 916.995.657          |
| Rekstrarkostnaður          | 930.117.724           | 736.469.921          |
| Afskriftir eigna           | 29.716.064            | 23.949.144           |
| <b>Gjöld samtals</b>       | <b>1.917.287.375</b>  | <b>1.677.414.722</b> |
| <b>Gjöld umfram tekjur</b> | <b>-1.200.028.345</b> | <b>-971.368.672</b>  |
| Framlag ríkissjóðs         | 983.300.000           | 1.028.900.000        |
| Framlag til afskrifta      | 29.716.064            | 23.949.144           |
| <b>Samtals</b>             | <b>-187.012.281</b>   | <b>81.480.472</b>    |
| <b>Afkoma ársins</b>       | <b>-187.012.281</b>   | <b>81.480.472</b>    |

# Kennslusvið



# Almennt

## ÁLFHEIÐUR B. MARINÓSDÓTTIR, KENNSLUSTJÓRI

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu kennslustarfi skólans og veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

### Starfsfólk á kennslusviði 2020 voru:

- Álfheiður B. Marinósdóttir, kennslustjóri.
- Álfheiður Sverrisdóttir (80%) deildarfulltrúi.
- Áshildur Bragadóttir, endurmenntunarstjóri (í afleysingu frá 1. nóvember).
- Ástríður Margrét Eymundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi. Ástríður er ráðin í gegnum samstarf við Háskóla Íslands og er í 25 % starfi við LbhÍ.
- Bjarni Diðrik Sigurðsson, umsjónarmaður framhaldsnámsins.
- Björgvin Örn Eggertsson, verkefnastjóri við endurmenntun.
- Christian Schultze, alþjóðafulltrúi.
- Guðrún Lárusdóttir, endurmenntunarstjóri (í leyfi frá 1. nóvember)
- Hinrik Þór Sigurðsson, verkefnastjóri við endurmenntun.
- Linda Sif Níelsdóttir (80%) verkefnastjóri, ráðin inn á kennslusvið 1. september 2020.
- Svala Sigurgeirsdóttir (50%) deildarfulltrúi.
- Þórunn Edda Bjarnadóttir (60%) deildarfulltrúi.

# Náms- og starfsráðgjöf

## ÁSTRÍÐUR M. EYMUNSDÓTTIR

Ársskýrsla tekur mið af því ástandi sem skapaðist í skólastarfinu vegna Covid-19 og því koma fram aðrar og meiri upplýsingar en vanalega.

### Helstu verkþættir:

- Viðtöl við nemendur vegna námslegra og persónulegra þátta
- Utanumhald og samningar vegna sértækra úrræða í námi og prófum
- Samskipti við kennara og annað starfsfólk
- Þátttaka í nýnemakynningum – á staðnum og rafrænt.
- Fundir með Kennsluskrifstofu féllu niður, þess í stað voru samskipti óformleg við kennsluskrifstofuna í gegnum fjölmörg símtöl og tölvupósta
- Leiðsögn nema í náms- og starfsráðgjöf sem fengu tækifæri til að kynna LbhÍ
- Þróun rafrænnar ráðgjafar til að mæta þörfum nemenda
- Utanumhald námskeiðs í Hugrænni atferlismeðferð fyrir nemendur í samstarfi við Kvíðameðferðarstöðina sem haldið var tvisvar og var fjöldi nemenda 19.

### Fyrirlestrar

- Þátttaka í Háskóladeginum fyrir hönd skólans

### Fræðsla til nemenda 2020:

- Kynning á störfum náms- og starfsráðgjafa,



sértækum úrræðum og því að hefja nám á háskólastigi og á starfsmenntabrautum

- Námstæknikennsla fyrir námsbraut
- Fræðsla um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi

### Tölfræði 2020

#### Vormisseri

- 30 bókuð viðtöl við nemendur
- Um það bil 200 nemendaerindi í tölvupósti

#### Haustmisseri

- 134 bókuð viðtöl við nemendur
- Um það bil 400 nemendaerindi í tölvupósti

Vormisseri 2020 dró mjög hratt úr bókuðum viðtölum eftir að samkomubanni var komið á um miðjan mars en aftur á móti tvöfaldaðist fjöldi nemendaerinda með tölvupósti. Ýmsar ástæður geta verið fyrir þessu en þær sem eru líklegastar miðað við samtöl við nemendur eru þessar:

- Nemendur höfðu allir þegar hafið nám, höfðu verið í hefðbundinni kennslu fram að mars þannig að stuttur tími var eftir af misserinu og þó svo að seinni lota vormisseris hafi rétt byrjað þá þekktu nemendur þegar kennara og samnemendur þannig að þessi breyting var minna álag.
- Það má gefa sér að nemendur hafi verið óöruggir með það hvort rafræn ráðgjöf utan tölvupósta væri í boði og báðu því lítið um rafræn viðtöl eða símaviðtöl.
- Skilaboð frá sóttvarnaryfirvöldum og skóla-yfirvöldum voru mjög skýr; samkomubann og heimapróf og því lítil óvissa um hvað væri framundan í náminu.

Á haustmisseri 2020 meira en tvöfaldaðist fjöldi bókaðra viðtala og einnig tvöfaldaðist fjöldi nemendaerinda í tölvupósti. Miðað við þær

upplýsingar sem eru til staðar frá nemendum er talið að ástæður þessa geti verið:

- Skilvirkt og vel kynnt kerfi rafrænnar ráðgjafar þar sem nemendur vita að þeir geta bókað viðtöl í hverri viku hjá náms- og starfsráðgjafa.
- Meiri óvissa um nám, námsaðstæður, próf og prófaðstæður þar sem skólar áttu að vera opnir en mismunandi starfsemi fór fram miðað við sóttvarnarreglur hverju sinni. Þessi óvissa olli nemendum kvíða og óöryggi.
- Skortur á tengingu við samnemendur og kennara. Í sumum tilfellum töluðu nemendur um að þeir hefðu aldrei hitt kennara, hvorki á staðnum né rafrænt og stundum höfðu þeir heldur ekki hitt samnemendur sem gerði það að verkum að þeir upplifðu sig mjög eina í námi og undir meira álagi.
- Langur tími í svokölluðu „Covid-ástandi“ og farið að draga úr úthaldi og þoli nemenda.
- Aukin eftirspurn á viðtölum vegna persónulegra mála s.s. vanlíðan, kvíði og ýmis andleg vandamál.
- Aukin eftirspurn eftir viðtölum vegna námstækni og skipulagsaðstoðar.

Skipting bókaðra viðtala milli deilda við LbhÍ:

#### Vormisseri 2020:

- Garðyrkjudeildir: 10%
- Búfræðideild: 17%
- Háskóladeildir: 56%
- Fyrirspurnir utan skóla: 17%

#### Haustmisseri 2020:

- Garðyrkjudeildir: 24%
- Búfræðideild: 12%
- Háskóladeildir 56%
- Fyrirspurnir utan skóla: 8%

# Endurmenntun

## ÁSHILDUR BRAGADÓTTIR, ENDURMENNTUNARSTJÓRI

Árið 2020 var um margt öðruvísi en undanfarin ár í starfsemi Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands. Í ljósi aðstæðna var minna framboð af námskeiðum en um leið voru fleiri nemendastundir í fjarkennslu. Til stóð að vera með á sjötta tug námskeiða um allt land en reyndin varð önnur og eingöngu hægt að halda um þriðjung þeirra námskeiða sem skipulögð höfðu verið. Námskeið sem hægt var að halda í fjarkennslu voru færð yfir í rafræna kennslu, en öðrum námskeiðum var ýmist frestað eða þau lögð niður.

Mikil bjartsýni ríkti um námskeiðahald fyrstu vikur ársins og óhætt er að segja að árið hafi farið vel af stað. Á þriðja tug námskeiða voru skipulögð og öll námskeið vel sótt. Um miðjan mars skall heimsfaraldurinn á þjóðinni af fullum þunga og ströngum samkomutakmörkunum og eins og áður sagði var ákveðið að fella niður námskeið eða fresta þeim, allt eftir efni og ástæðum.

Í lok apríl voru sóttvarnareglur rýmkaðar og var fjöldi námskeiða haldinn fram á sumar enda mikil eftirspurn eftir námskeiðum, meðal annars í trjáfellingum, ræktun í skólagörðum, jurta- og indigo litun og meðferð á lífrænum úrgangi. Stofnunin hélt einnig endurmenntunarnámskeið fyrir líffræðikennara í framhaldsskólum og félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum í júní og stóð fyrir sumarnámskeiðum í samstarfi við háskóladeildir LbhÍ sem haldin voru í fjarkennslu.

Í ágúst kom í ljós að sóttvarnaraðgerðir yrðu hertar að nýju og ljóst að fresta þyrfti flestum námskeiðum sem til stóð að halda á haustmánuðum en grunn-

og framhaldsnám í Reiðmanninum fór af stað á haustmánuðum og nemendur í námskeiðinu Grænni skógar héldu áfram sínu námi.

Vorið 2020 útskrifuðust fjórir hópar í Reiðmanninum eftir tveggja ára nám við Endurmenntun LbhÍ, tveir í Kópavogi, einn í Hafnarfirði og einn á Selfossi. Fjórir hópar hófu síðan nám í Reiðmanninum um haustið, tveir á Flúðum, einn í Hafnarfirði og einn í Kópavogi. Þrjú framhaldshópar í Reiðmanninum III hófu einnig nám, í Hafnarfirði, Kópavogi og á Selfossi.

Nám í Reiðmanninum er haldið víðsvegar um land og á árinu 2020 voru alls 15 hópar í gangi á 7 stöðum á landinu, ýmist á fyrsta, öðru eða þriðja ári Reiðmannsins: Flúðum, Hafnarfirði, Hellu, Kópavogi, Mið-Fossum, Mosfellsbæ og Selfossi. Alls voru 180 knapar í námi í Reiðmanninum árið 2020 og koma vel menntaðir reiðkennarar og tamningamenn með mikla reynslu að staðarkennslu.

Samstarf er grundvöllur að fjölbreyttu námskeiðsframboði Endurmenntunar LbhÍ og í venjulegu árferði eru fjölmörg námskeið haldin í samstarfi við ýmsar stofnanir, félagasamtök og aðilum atvinnulífsins. Áfram verður lögð áhersla á gott samstarf sem ríkt hefur við þessa aðila, þeirra á meðal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, búnaðarfélag og búnaðarsambönd, Bændasamtökin, Félag iðn- og tæknigreina, IÐUNA fræðslusetur, Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins, símenntunarmiðstöðvar, Skógræktina, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun og Vinnueftirlitið.

Á hverju ári er haldið staðarnám á vegum Endurmenntunar í samstarfi við háskóladeildir LbhÍ. Á árinu 2020 sátu nemendur Endurmenntunar meðal annars í áföngunum í skipulagslögfræði, bókhaldi, sjálfbærri þróun og jarðfræði. Hefur gefist vel að bjóða upp á endurmenntunarnámskeið sem eru staðarnámskeið hjá Landbúnaðarháskólanum og hafa sumir nemendurnir ákveðið að skrá sig í fullt nám hjá skólanum að námskeiðunum loknum.

Hjá Endurmenntun LbhÍ störfuðu samtals sex starfsmenn í þremur stöðugildum á árinu 2020. Guðrún Lárusdóttir endurmenntunarstjóri LbhÍ, Hinrik Þór Sigurðsson umsjónarmaður Reiðmannsins, Björgvin Örn Eggertsson umsjónarmaður Grænni skóga og Gunnar Reynisson aðjúnkt og kennari í hestafræðum. Þann 1. nóvember fór Guðrún Lárusdóttir í námsleyfi og við starfi hennar tók Áshildur Bragadóttir sem gegnir störfum endurmenntunarstjóra til 30. júní 2021. Auk fastráðinna starfsmanna koma fjölmargir verktakar að kennslu og námskeiðahaldi á vegum Endurmenntunar. Stofnunin nýtur einnig ýmissar stoðþjónustu frá Landbúnaðarháskólanum, meðal

annars frá kennsluviði, rekstrarsviði og tæknisviði skólans.

Starfsstöðvar Endurmenntunar LbhÍ eru á þremur stöðum: Hvanneyri í Borgarfirði, Keldnaholti í Reykjavík og Reykjum í Ölfusi. Námskeiðahald fer einnig fram á öðrum starfsstöðvum skólans, t.a.m. á Mið-Fossum og á Hesti í Borgarfirði. Endurmenntun leggur sig fram um að halda námskeið um allt land í samstarfi við stofnanir og félagasamtök.

Endurmenntun tekur jafnan þátt í erlendum samstarfsverkefnum og á árinu 2020 var framhald á samstarfsverkefninu „LEARN THE LIFE - „Development of the Cultural and Heritage Tourism Skills for Rural Communities“ en samstarfsaðilar verkefnisins eru frá Danmörku, Frakklandi, Króatíu, Litháen og Noregi. Endurmenntun tók einnig þátt í Nordplus verkefninu „Education of older adults – OLDER. Comparing Baltic and Nordic Frameworks“ ásamt fulltrúum frá Danmörku, Lettlandi og Litháen og lauk því samstarfi á árinu 2020.

# Brautskráning Lbhí 5. júní 2020

RAGNHEIÐUR I. ÞÓRARINSDÓTTIR, REKTOR

Kæru kandiðatar, búfræðingar, starfsfólk og aðrir góðir gestir.

Fyrir hönd Landbúnaðarháskóla Íslands býð ég ykkur öll hjartanlega velkomin til brautskráningarhátiðar 2020. Kæru kandiðatar og búfræðingar, til hamingju með daginn þar sem við höldum saman upp á árangurinn af starfi ykkar, sem þið hafið unnið á undanförunum misserum og sem staðfestist með afhendingu prófskírteina hér í dag.

Þetta skólaár var fyrsta árið þar sem unnið var eftir nýrri stefnu skólans sem var samþykkt í júní á síðasta ári. Í nýrri stefnu er lögð rík áhersla á nýsköpun og rannsóknir sem styður við uppbyggingu innviða og kennslu á öllum námsstigum. Lögð er áhersla á að fjölga nemendum og kennurum við skólann og undirstrikað er mikilvægi framsækinnar kennslu sem stuðlar að verðmætasköpun og fæðuöryggi til framtíðar með sjálfbærri nýtingu auðlinda. Gildin sem sett eru fram í stefnunni eru sjálfbærni, hagsæld og framsækni.

Á undanförunu ári hefur markvisst verið unnið að því að fjölga umsóknum í samkeppnissjóði og var sótt um rúmlega hálfan milljarð í samkeppnissjóði á síðasta ári og fengust 256 milljónir samþykktar sem verður að teljast mjög góður árangur. Þá hefur verið lögð áhersla á að fjölga samstarfsverkefnum við atvinnulíf og aðra hagaðila og hafa mörg ný verkefni verið sett á laggirnar að undanförunu og fleiri í undirbúningi. Undirritaður var nýr samningur við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á vormisseri. Samningurinn er til þriggja ára og lögð er áhersla á aukin samskipti milli skólans og sérfræðinga ráðuneytisins.

Gaman er að minnast á Matarhátiðina og samkeppnina um Askinn 2019 sem er Íslands-

meistarakeppni í matarhandverki og var haldin í nóvember síðastliðnum í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands, Matarauð Íslands og Matís og tókst hátíðin sérlega vel. Nú er unnið að því að gera þessa hátíð að reglulegum viðburði í samstarfi við Samtök smáframleiðenda matvæla.

Í nýrri stefnu skólans er einnig lögð áhersla á að bæta innviði og alþjóðlegt samstarf. Hefur mikil vinna farið fram m.a. með heimsóknum okkar sérfræðinga og nemenda til erlendra háskóla, þarfagreiningum og umsóknum til innviðasjóðs Rannís og annarra sjóða.

Samningur um leigu á Mið-Fossum var endurnýjaður í síðasta mánuði til fjögurra ára. Samhliða munu aðilar vinna sameiginlega að leiðum til þess að skólinn geti eignast Mið-Fossa til framtíðar og tillögum þar að lútandi hefur verið komið á framfæri við ráðamenn. Með því myndu miklir möguleikar skapast til eflingar starfsemi skólans. Hér er bæði horft til útrásar með námskeið sem skapar skólanum sterkan sess og aukinn sýnileika og bættrar nýtingar á húsnæði skólans að Hvanneyri, bæði skólahúsnæðis og gistirýmis. Síðastliðinn vetur var aðstaðan á Mið-Fossum afar vel nýtt, sannar sögur um góðar veitingar á kaffistofunni þar bárust víða um sveitir og ýmsir ráðamenn gerðu sér sérstaka ferð.

Mið-Fossar gætu einnig stutt við jarðræktar-tilraunir. Jarðræktarhópur skólans hefur á undanförunum misserum komið upp nýjum tækjabúnaði m.a. með styrkjum frá fyrrverandi nemendum og innviðasjóði Rannís. Nýjasta tækið sem er væntanlegt á næstunni er tilraunareitapreskivél sem er búnaður upp á tugi milljóna. Unnið hefur verið að því að bæta

aðstöðuna á Hvanneyri fyrir jarðræktina. Tillögur að uppbyggingar- og aðgerðaáætlun var send ráðherra á haustmisseri. Sú vinna hefur fengið enn aukinn byr með veglegri gjöf Magnúsar Óskarssonar fyrrverandi kennara sem arfleiddi skólann að öllum eigum sínum til uppbyggingar á rannsókn- kennsluáðstöðu til jarðræktarfræða, umhverfisfræða og landnýtingar. Fyrirhugað er að halda fund með starfsmönnum um tillögur að uppbyggingu sem falla að óskum Magnúsar. Er skólinn afar þakklátur Magnúsi.

Hvanneyrarbúið skilaði góðum rekstri á síðasta ári eins og undanfarin ár. Þar hefur einnig verið hugað að innviðaupbyggingu með kaupum á nýjum tækjabúnaði. Á Hestbúinu eru áform um að auka sjálfvirknivæðingu og stuðla þannig að aukinni tæknivæðingu í greininni hérlendis.

Endurnýjun Garðskálans á Reykjum er nú í fullum gangi og fyrirhugað er að framkvæmdum muni ljúka í haust. Einnig er unnið að lagfæringum á skólastjórahúsinu þar sem í dag býður upp á gistingu fyrir nemendur og aðra gesti skólans. Þá er verið að setja upp kalt gróðurhús þar. Sótt hefur verið um styrki til innviðasjóðs til endurnýjunar hluta af tækjakosti.

Loks er það gleðilegt að nefna að skólinn fékk myndarlega styrki úr Húsafriðunarsjóði í ár til fjögurra verkefna, til endurbóta á Fífilbrekku, sumarbústað Jónasar frá Hriflu, til að gera áætlun um endurbætur gróðurhúsa á Reykjum og til endurbóta á leikfímihúsi á Hvanneyri og á Hvanneyrarkirkju.

Þann fyrsta janúar síðastliðinn varð Landgræðsluskólinn formlega hluti af samstarfsneti UNESCO og heyra allir fjórir fyrrum háskólar sameinuðu þjóðanna sem reknir hafa verið hérlendis, auk Landgræðsluskólans, Jarðhitaskólinn, Sjávarútvegs-skólinn og Jafnréttisskólinn nú undir GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu. Nýr forstöðumaður GRÓ, Dr. Sjöfn Vilhelmsdóttir var ráðin til starfa á vormánuðum.

Um síðustu áramót var skipuriti skólans breytt og brautum skipt á þrjár fagdeildir, Ræktun og fæðu, náttúru og skóg og skipulag og hönnun. Landbúnaðarháskólinn nýtur þeirrar sérstöðu að bjóða upp á starfsmenntanám á framhaldsskólastigi, grunnám til BS-gráðu og framhaldsnáms til meistara- og doktorsgráðu. Allar fagdeildir skólans bjóða upp á nám á öllum námsstigum. Að loknu starfsmenntanámi við Landbúnaðarháskóla Íslands er leiðin greið út á vinnumarkaðinn eða til áframhaldandi náms. Sumir nemendur skólans sem ljúka starfsmenntanámi halda áfram námi við skólann t.d. í landslagsarkitektúr, skógfræði, búvísindum eða náttúru- og umhverfisfræði. Einnig eru mörg dæmi þess að nemendur hafi að loknu grunnámi farið í starfsmenntanám skólans.

Starfsmenntanámið hefur notið mikilla vinsælda, færri hafa komist að en vilja í búfræði um langt skeið og hafa ungir bændur lagt fram erindi um að skólinn taki við fleiri nemendum í búfræði. Hefur því erindi verið vel tekið og í skoðun er hvernig skólinn geti brugðist við og fjölgað nemendum þar. Við námskynningar í vor hefur verið mikill áhugi á garðyrkjunámi skólans að Reykjum og hefur fjöldi umsókna borist. Er það einkar vel við hæfi þar sem mikil uppbygging á sér stað þar í sumar.

Undanfarin ár hefur verið samningur á milli Landbúnaðarháskólans og Menntaskóla Borgarfjarðar um sameiginlega braut til stúdentsprófs og búfræðings. Samstarfið hefur gengið framúrskarandi vel og var sá samningur endurnýjaður á síðasta ári. Í kjölfarið var hann svo útvíkkaður og tekur nú einnig til garðyrkjunámsins á Reykjum, nemendur geta því tekið sameiginlega braut til stúdentsprófs og garðyrkjufraeðings. Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur einnig ákveðið að gera samning við Landbúnaðarháskólann um sameiginlega braut.

Aðsókn að háskólanámi skólans jókst síðasta haust og sérlega fjölgaði í hópi nemenda í

umhverfisvísindum og skógfræði. Í ár stefnir aftur í metskráningu. Skráningu lýkur 15. júní en þegar má sjá mikinn áhuga sérlega á landslagsarkitektúr og garðyrkjubrautum skólans. Á vorönn var nafni umhverfisskipulagsbrautar breytt í BS í landslagsarkitektúr og hefur nafnabreytingin hlotið afar jákvæðar undirtektir.

Nemendum í doktorsnámi fjölgaði síðastliðinn vetur og er fjöldi doktorsnemenda við skólann nú í fyrsta sinn tveggja stafa tala. Úthlutað var í fyrsta sinn úr doktorssjóði Landbúnaðarháskóla Íslands til tveggja verkefna og styrkir fengust, innlendir og úr alþjóðlegum samkeppnissjóðum til nýrra doktorsverkefna. Það er sérstakt fagnaðarefni að tveir nemendur skólans eru að verja doktorsritgerðirnar sínar nú í júní. Og að skólinn mun áfram geta státað af tveggja stafa tölunni.

Úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla fór fram á Landbúnaðarháskólanum í september síðastliðnum. Niðurstöðuskýrsla gæðaráðsins barst nú í vor og er afar ánægjulegt að segja frá því að skýrslan er í alla staði jákvæð gagnvart skólanum. Skólanum er sérstaklega hrósað fyrir nýja stefnu og einnig fyrir hvernig fagdeildir bjóða upp á starfsmenntanám og háskólanám.

Samhliða nýrri stefnu og nýju skipuriti hefur farið fram mikil vinna við endurnýjun reglna, stefnuskjala og áætlana. Nýjar reglur um Landbúnaðarháskóla Íslands, starfsreglur háskólaráðs, jafnréttisáætlun, launastefna, jafnlaunastefna, skjalastefna og ný viðbragsáætlun voru samþykkt á vormánuðum. Vinna við jafnlaunavottun fór fram í vetur og er einkar gleðilegt að segja frá því að við úttekt í byrjun maí var mælt með vottun. Framundan er að yfirfara aðrar reglur og verkferla og undirbúa næstu úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla sem fram fer 2022. Er sú úttekt mun viðameiri og mun hún taka til nýrra fagdeilda skólans.

Skólaárið var um margt óhefðbundið, og þá ekki

síst vormisserið. Skólinn var rétt að hefja vinnu í nýju skipulagi og starfsmenn að máta sig í nýju skipuriti þegar hættustig skall á sem síðar varð að neyðarstigi. Kennarar, aðrir starfsmenn og nemendur þurftu fyrirvaralaust að umbylta námskeiðum og skipulagi annarinnar. Það var aðdáunarvert hversu vel tókst til og vil ég nota þetta tækifæri til að færa mínar allra bestu þakkir til allra starfsmanna og nemenda fyrir þeirra óeigingjarna, jákvæða og mikla starf.

Kæru kandiðatar og búfræðingar

Brautskráning markar stór tímamót. Ákveðnu verkefni er lokið og nýjar dyr opnast. Þá þarf að ákveða um hvaða dyr skal haldið næst. Við höfum öll orðið vör við jákvæðu umræðuna á undanförunum vikum og mánuðum um hvernig horft er til tækifæra innan landbúnaðarins, sjálfbærra nýtingar náttúruauðlinda, umhverfis- og loftslagsmála, skipulags og hönnunar. Huga þarf að því að tryggja fæðuöryggi landsins til framtíðar samhliða því að auka náttúruvitund, efla nýsköpun og huga jafnframt að útflutningstækifærum.

Þið kæru kandiðatar og búfræðingar eruð rétta fólkíð á réttum tíma og á réttum stað.

Ljóst er að matvælaframleiðsla verður eitt af stóru viðfangsefnum framtíðarinnar. Sérstakri ráðherranefnd var falið að móta matvælastefnu sem taki meðal annars til eflingar íslenskrar matvælaframleiðslu, samspils matvælaframleiðslu og loftslagsbreytinga, tengsl mataræðis og lýðheilsu sem og aukinnar umhverfismeðvitundar og neytendaverndar. Tækifærin liggja ekki síst í framþróun sjálfbærrar, heilnæmrar og ábyrgrar matvælaframleiðslu, sem aftur byggir á fjölbreytileika vistkerfa og jafnvægi þeirra í náttúrunni.

Um leið og ég óska ykkur til hamingju með að hafa náð því markmiði að útskrifast frá Landbúnaðarháskóla Íslands vil ég óska ykkur velfarnaðar í þeim verkefnum sem þið nú takið ykkur fyrir hendur.

Daglegu verkefnið sem við veljum okkur eru stór hluti af lífi okkar og auðvitað veljum við eitthvað sem veitir okkur ánægju – því þá er næsta víst að við verðum góð í því líka.

Í bókinni Ljóðarabb skrifar Sveinn Skorri Höskuldsson: „Ætli það hafi ekki áreiðanlega verið dálítið lífsþreyttur gamall maður sem fyrstur andvarpaði út í heiminn: Ekkert er nýtt undir sólinni.“ Og vísar hann þar til þess að hver dagur er splunkunýr.

Kæru kandiðatar og búfræðingar

Ég samgleðst ykkur innilega hér í dag. Splunkunýr dagur er runninn upp sem er ykkar. Gangi ykkur vel með næstu viðfangsefni sem þið veljið ykkur – Tækifæri innan landbúnaðar, náttúru- og umhverfisfræða og skipulagsmála á Íslandi eru óþrjótandi og verður gaman að fylgjast með hvernig framþróun þessara mála mun blómstra í ykkar höndum.



Brautskráning í Hjálmaskletti 5. júní 2020 - búfræði og háskólanám



Brautskráning í Hveragerðiskirkju 30. maí 2020 - garðyrkjubrautir

# Brautskráðir nemendur frá Lbhí

KENNSLUSKRIFSTOFA

| Starfsmenntanam á framhaldsskólastigi |                      |
|---------------------------------------|----------------------|
| Ásgerður Halldórsdóttir               | Blómaskreytingabraut |
| Elsa Lilja Hermannsdóttir             | Blómaskreytingabraut |
| Herdís Hermannsdóttir                 | Blómaskreytingabraut |
| Lovísa Heiðarsdóttir                  | Blómaskreytingabraut |
| Anton Freyr Friðjónsson               | Búfræði              |
| Atli Björn Atlason                    | Búfræði              |
| Ármann Ingi Jóhannsson                | Búfræði              |
| Árni Ólafsson                         | Búfræði              |
| Ásgeir Pálmason                       | Búfræði              |
| Baldvin Ásgeirsson                    | Búfræði              |
| Davíð Clausen Pétursson               | Búfræði              |
| Einar Jón Axelsson                    | Búfræði              |
| Elínborg Bessadóttir                  | Búfræði              |
| Freyja Fannberg Þórsdóttir            | Búfræði              |
| Guðmundur Bjarnason                   | Búfræði              |
| Guðný Ósk Jónasdóttir                 | Búfræði              |
| Halldór Jónsson                       | Búfræði              |
| Ísak Jökulsson                        | Búfræði              |
| Karl Vernharð Þorleifsson             | Búfræði              |
| Linda Margrét Gunnarsdóttir           | Búfræði              |
| Ómar Ólafsson                         | Búfræði              |
| Pétur Snær Ómarsson                   | Búfræði              |
| Rannveig Þóra Kristbjörnsdóttir       | Búfræði              |
| Rebekka Sif Sigurðardóttir            | Búfræði              |
| Sigmundur Geir Sigmundsson            | Búfræði              |
| Svandís Brynja Flosadóttir            | Búfræði              |
| Vildís Þrá Jónsdóttir                 | Búfræði              |
| Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson        | Búfræði              |
| Anna Dís Pálsdóttir                   | Garðyrkjuframleiðsla |
| Nanna Sigríður Dungal                 | Garðyrkjuframleiðsla |
| Þuríður Erla Kolbeins                 | Garðyrkjuframleiðsla |
| Hilmar Njáll Þórðarson                | Garðyrkjuframleiðsla |
| Magnús Fannar Guðmundsson             | Skógur og náttúra    |
| Niels Magnús Magnússon                | Skógur og náttúra    |
| Valgeir Davíðsson                     | Skógur og náttúra    |



|                                 |                     |
|---------------------------------|---------------------|
| Hafdís Huld Þórólfsdóttir       | Skógur og náttúra   |
| Arnar Þór Hjaltason             | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Arnór Guðmundsson               | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Árni Rúnarsson                  | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Benedikt Örvar Smáráson         | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Bergur Þór Björnsson            | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Guðmundur Heimir Sveinbjörnsson | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Guðrún Rósa Hólmarsdóttir       | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Kolbrún Irma Hreiðarsdóttir     | Skrúðgarðyrkjubraut |
| Sólveig B Fjólmundsdóttir       | Skrúðgarðyrkjubraut |

Auk þess 39 nemendur í Reiðmanninum, 33 fein einingar á framhaldsskólastigi á vegum endurmenntunar.

| <b>Háskólanám</b>             |                                |
|-------------------------------|--------------------------------|
| Alexandra Rut Jónsdóttir      | Búvísindi, BS                  |
| Berglind Ýr Ingvarsdóttir     | Búvísindi, BS                  |
| Heiðrún Hjálmarsdóttir        | Búvísindi, BS                  |
| Sóley Erna Sigurgeirsdóttir   | Búvísindi, BS                  |
| Sunna Þórarinsdóttir          | Búvísindi, BS                  |
| Swanhild Ylfa K R Leifsdóttir | Búvísindi, BS                  |
| Teitur Sævarsson              | Búvísindi, BS                  |
| Þórunn Dís Þórunnardóttir     | Búvísindi, BS                  |
| Ása Katrín Bjarnadóttir       | Landslagsarkitektúr, BS        |
| Elín Erla Káradóttir          | Landslagsarkitektúr, BS        |
| Elísabet Bjarnadóttir         | Landslagsarkitektúr, BS        |
| Jónas Ingólfur Lövdal         | Landslagsarkitektúr, BS        |
| Salóme Rósa Þorkelsdóttir     | Landslagsarkitektúr, BS        |
| Esther Marloes Kapinga        | Náttúru- og umhverfisfræði, BS |
| Eva Margrét Árnadóttir        | Náttúru- og umhverfisfræði, BS |
| Íris Ragnarsdóttir Pedersen   | Náttúru- og umhverfisfræði, BS |
| Kristín Eva Einarsdóttir      | Náttúru- og umhverfisfræði, BS |
| Sólrun Þórðardóttir           | Náttúru- og umhverfisfræði, BS |
| Hallur S Björgvinsson         | Skógfræði, BS                  |
| Brynja Valgeirsdóttir         | Búvísindi, MS                  |
| Þórdís Þórarinsdóttir         | Búvísindi, MS                  |
| Andri Þór Andrésson           | Skipulagsfræði, MS             |
| Atli Steinn Sveinbjörnsson    | Skipulagsfræði, MS             |
| Guðrún Lára Sveinsdóttir      | Skipulagsfræði, MS             |
| Ellert Arnar Marísson         | Skógfræði, MS                  |
| Jóhanna Bergúnar Ólafsdóttir  | Skógfræði, MS                  |
| Jón Hilmar Kristjánsson       | Skógfræði, MS                  |
| Brynja Hrafnkelsdóttir        | PhD                            |
| Þórunn Wolfram Pétursdóttir   | PhD                            |





United Nations  
Educational, Scientific and  
Cultural Organization

GRÓ  
LRT

- Land Restoration
- Training Programme
- Under the auspices
- of UNESCO

# Landgræðsluskóli GRÓ LRT



# Almennt

SJÖFN VILHELMSDÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR

Í ársbyrjun færðist starfsemi Landgræðsluskólans undir GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu eftir að hafa starfað undir merkjum Háskóla Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2010. GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu er ný stofnun í utanríkisráðuneytinu og starfar hún undir merkjum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) sem sjálfstæð stofnun þar sem saman koma fjórir skólar sem áður voru hluti af Háskóla Sameinuðu þjóðanna: Landgræðsluskólinn, Jarðhitaskólinn, Jafnréttisskólinn og Sjávarútvegs-skólinn. Hlutverk GRÓ Þekkingarmiðstöðvar er að efla getu einstaklinga, samtaka og stofnana í þróunarlöndum til að vinna að þróunarsamvinnu á sérsviðum skólanna fjögurra, eins og þau birtast í heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun.

Með þessum breytingum starfar Landgræðsluskólinn nú undir heitinu Landgræðsluskóli GRÓ, eða GRÓ Land Restoration Training Programme (GRÓ LRT) á ensku. Landgræðsluskólinn er sem fyrr hýstur hjá LbhÍ og til húsa á Keldnaholti, og hann er fjármagnaðir af utanríkisráðuneytinu í gegnum GRÓ sem hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Markmið og megináherslurnar í starfsemi Landgræðsluskóla GRÓ eru þær sömu og hjá forvera hans og miðast allt starf skólans við að aðstoða þróunarlönd sem glíma við landhnignun að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og græða upp illa farið land. Áherslan er á nám og þjálfun fyrir sérfræðinga í samstarfsstofnunum í þróunarlöndunum og er árlegt sex mánaða nám í landgræðslu og sjálfbærri landnýtingu meginþáttur í starfsemi skólans. Sex mánaða námið er kennt á Keldnaholti frá miðjum mars til september og



skiptast í tvo meginhluta. Fyrstu þrjú mánuðir námsins samanstanda af fyrirlestrum, hópavinnu og stuttum vettvangsferðum, en seinni hlutinn er tileinkaður einstaklingsverkefnum þar sem hver og einn sérfræðingur vinnur að rannsóknarverkefni sem tengist aðstæðum eða viðfangsefni í heimalandinu. Samstarf er við Landgræðsluna við starfrækslu Landgræðsluskólans og koma sérfræðingar Landgræðslunnar mikið að kennslu við skólann auk þess að sitja í fagráði skólans þar sem vinna við náms- og fagþróun fer fram.

Árið 2020 var fyrir margra hluta sakir óvenjulegt hvert sem lítið er í þjóðlífinu og heiminum öllum vegna kórónuveirufaraldursins, og þar var Landgræðsluskóli GRÓ engin undantekning. Faraldurinn gerði það að verkum að hvorki var hægt að bjóða til landsins sérfræðingum frá samstarfslöndum til að taka þátt í sex mánaða námi skólans, né að halda stutt námskeið í landgræðslu og tengdum málum á vettvangi í samstarfslöndum. Starfsemi Landgræðsluskólans var því um margt óhefðbundin á árinu.

Á vormánuðum urðu þau þáttaskil hjá Landgræðsluskólanum að dr. Hafdís Hanna Ægisdóttir kvaddi eftir 12 ára starf hjá skólanum. Hafdís Hanna gekk til liðs við Landgræðsluskólann árið 2008, fyrst sem verkefnisstjóri og síðan sem forstöðumaður frá árinu 2010. Dr. Sjöfn Vilhelmsdóttir, stjórn málafræðingur og fyrrum forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands, tók við starfi forstöðumanns í maí. Sjöfn hefur komið að kennslu og leiðbeinslu við Landgræðsluskólann frá árinu 2008 og sat hún í fagráði skólans frá 2016 til 2020.

Á árinu voru tveir fyrrum nemar Landgræðsluskólans í námi á Íslandi eftir að hafa hlotið námsstyrk frá Landgræðsluskólanum haustið 2019. Það eru Sumjidmaa Sainnemekh frá Mongólíu sem er í doktorsnámi við LbhÍ en aðalleiðbeinandi hennar er

dr. Isabel C. Barrio, og Beatrice Dossah frá Gana sem er í meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands.

Þar sem ekkert skipulagt nám var við Landgræðsluskólann starfsárið 2020, gafst starfsmönnum tími til að huga að nýjum verkefnum ásamt því að sinna hinum ýmsum viðfangsefnum sem setið höfðu á hakanum undanfarin ár vegna tímaskorts. Verkefnin sem ráðist var í voru m.a. gerð nýs kennslu- og kynningarmyndefnis í samstarfi við sérfræðinga LbhÍ og Landgræðslunnar ásamt kvikmyndagerðarmönnum. Einnig fór einn starfsmaður Landgræðsluskólans fenginn í svokölluð vistaskipti til utanríkisráðuneytisins, og starfaði í ráðuneytinu frá september til ársloka við alþjóðleg verkefni á sviði landgræðslu- og loftslagsmála á Alþjóða- og þróunarsamvinnusviði ráðuneytisins. Töluverður tími fór í að setja upp nýja heimasíðu Landgræðsluskólans ([www.grolrt.is](http://www.grolrt.is)) á árinu, en sú vinna var unnin í samstarfi við GRÓ Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu og hina skólana sem starfa undir hatti GRÓ. Að auki er Landgræðsluskóli GRÓ LRT á Twitter, Facebook og LinkedIn þar sem birtast margvíslegar upplýsingar um starfsemi skólans ásamt nýjustu fréttum.

Fjögur stöðugildi eru hjá Landgræðsluskóla GRÓ. Auk þess koma fjölmargir samstarfsaðilar að verkefnum tengdum starfsemi skólans. Frá upphafi Landgræðsluskólans árið 2007 hafa alls 139 sérfræðingar útskrifast úr árlegu sex mánaða námi skólans, 67 konur og 72 karlar. Jafnframt hafa 124 sérfræðingar tekið þátt í og útskrifast úr námskeiðum sem haldin hafa verið í tveimur samstarfslöndum Landgræðsluskólans, þ.e. í Úganda og Mongólíu. Annars eru núverandi samstarfslönd Landgræðsluskólans 10 talsins, fjögur lönd í Mið-Asíu og sex lönd í Afríku.



# Fagdeildir



# Ræktun & Fæða

ERLA STURLUDÓTTIR, VARAÐEILDARFORSETI

Hlutverk deildar Ræktunar & Fæðu er að miðla, varðveita og skapa þekkingu sem stuðlar að faglegri og framsýnni nýtingu á landsins gæðum. Þetta er gert með rannsóknum, útgáfu og miðlun og kennslu á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Við deildina eru starfræktar tvær brautir á framhaldsskólastigi í Búfræði og Garðyrkjuframleiðslu, tvær til bakkalár gráðu (BS): Búvísindi og Hestafræði. Einnig býður deildin upp á einstaklingsmiðað framhaldsnám (MS og PhD) í Búvísindum og Hestafræði. Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að færa starfsmenntanám í garðyrkju frá LbhÍ til Fjölbrautaskóla Suðurlands á árinu 2021.


## Nám á framhalds- og háskólastigi

Árið 2020 útskrifuðust 28 nemendur af framhaldsskólastigi og 10 af háskólastigi þar af tveir úr meistaranámi. Á þessu ári hófu 99 nemendur nám á framhaldsskólastigi, 48 nemendur á BS-stigi og 6 á MS-stigi. Þá voru alls 133 nemar við nám á framhaldsskólastigi og 81 nemi lagði stund á háskólanám við deildina og þar af voru níu í framhaldsnámi.

Brautarstjórar voru Ingólfur Guðnason fyrir námsbrautina í Garðyrkjuframleiðslu, Eyjólfur Kristinn Örnólfsson fyrir Búfræði og Birna Kristín Baldursdóttir fyrir Búvísindi og Hestafræði. Erla Sturludóttir situr fyrir hönd deildar í Framhaldsnámsnefnd.

## Ritstörf

Starfsfólk deildarinnar ásamt Ólafi Inga Sigurgeirsyni frá Háskólanum á Hólum vann að skýrslu um fæðuöryggi á Íslandi fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Þetta verkefni var unnið í tveimur hlutum og kom fyrri skýrsla út í maí 2020.



Í þessu verkefni var skoðað hvernig fæðuöryggi er á landsvísi, en ekki hvort allir hópar eða einstaklingar samfélagsins hafi efnahagslegan aðgang að fæðu. Þá var farið yfir hvernig matvælaframleiðsla er háttad á Íslandi og áhersla lögð á framleiðslu á grunnhráefnum. Einnig voru birt gögn um innflutning matvæla og aðfanga. Í seinni skýrslunni var bætt við köflum um veikleika íslenskrar matvælaframleiðslu og hvaða áhrif það hefði á fæðuöryggi ef skortur yrði á þeim aðföngum sem notuð eru við framleiðsluna í dag. Þar var einnig farið yfir atriði sem gætu stuðlað að auknu fæðuöryggi á Íslandi. Lokaskýrslan var birt í byrjun árs 2021. Ritstjórar skýrslanna voru Erla Sturludóttir og Jóhannes Sveinbjörnsson. Þá hófst vinna fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um stöðu sauðfjárræktar á Íslandi og er skýrsla væntanleg í apríl 2021. Þessa vinnu leiðir Jóhannes Sveinbjörnsson. Þá komu starfsmenn deildar að vinnu starfshóps fyrir skýrslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um loftslagsmál í nautgriparékt.

Guðni Þorvaldsson vann að verkefni um flokkun landbúnaðarlands fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fyrir hönd LbhÍ. Áhersla var lögð á að flokka land sem nýtist til ræktunar á matvælum og fódri. Þá ætti flokkunin sömuleiðis að nýtast við ákvarðanir um ræktun iðnaðarjurta. Niðurstöðum flokkunarinnar er ætlað að nýtast



sveitarfélögum sem forsendur við skipulags-ákvarðanir um landnotkun við gerð aðalskipulags. Skýrslan var birt í byrjun árs 2021.

Birt voru átta rit í ritróðinni Rit LbhÍ á vegum starfsmanna deildarinnar. Auk þess voru starfsmenn deildarinnar höfundar að þremur ritrýndum greinum árið 2020. Jóhannes Sveinbjörnsson og Hrafnhildur Baldursdóttir birtu greinina „*Effect of a high-palmitic acid fat supplement on milk production in Icelandic dairy cows fed grass silage-based diet*“ í Icelandic Agricultural Sciences. Hinar tvær greinarnar voru á sviði vistkerfislíkana og birtust í Fisheries Research og Journal of Great Lakes Research.

### Verkefnastyrkir og samstarf

Deildin fékk samtals um 105 milljónir í verkefnastyrki: um 57 milljónir fengust í jarðræktarverkefni, 14 milljónir í búfjárverkefni og 11 milljónir í verkefni tengd ræktun í gróðurhúsum og um 23 milljónir í önnur verkefni.

Framleiðnisjóður styrkti mörg rannsóknaverkefni á vegum deildarinnar. Má þar nefna verkefni um: áhrif LED topplýsingar á forræktun tómata, agúrku og paprika, ræktun á korni, áhrif sláttutíma og áburðar í grasrækt, kolefnislosun í ræktunarjarðvegi, fóðurframleiðni í sauðfjárrækt og holdafar íslenskra kúa.

Úr Markáætlun fékkst styrkur fyrir tvö verkefni: Sjálfbær staðbundin nýting hráefna í áburð – heildstæð nálgun að hringrásarhagkerfi sem Matís leiðir, en Hrannar Smári Hilmarsson er tengiliður LbhÍ og Sjálfbært heilsusamlegt mataræði: Vísindi sem vegvísir í átt að sjálfbærri framtíð sem HÍ leiðir en Erla Sturludóttir er tengiliður LbhÍ.

Tvær umsóknir frá Ræktun & fæðu fengu styrk úr Matvælasjóði, annars vegar Mannakorn hafrar sem Hrannar leiðir og hins vegar Birta – Gróðurhúsalausn sem ABC lights ehf leiðir með þátttöku Christina Stadler.

Deildin fékk áfram rannsóknastyrki úr sjóðum

Norrænu Ráðherranefndarinnar í gegn um PPP samstarfið (Public Private Partnership in pre-breeding). Um er að ræða styrki sem tengjast kynbótum í vallarrýgresi með þátttöku Þóroddar Sveinssonar og byggkynbótum með þátttöku Magnúsar Göranssonar o.fl. Bæði þessi verkefni eru unnin í samstarfi við háskóla og kynbótafyrirtæki á Norðurlöndunum og í Eystrasaltlöndunum.

Verkefnið Fiskveiðar til framtíðar hlaut öndvegisstyrk frá Rannís. Verkefnastjórar eru Erla Sturludóttir við LbhÍ og Gunnar Stefánsson við HÍ. Verkefnið er einnig unnið í samstarfi við Hafró, SFS, NOAA, CSIRO og ShuttleThread.

Deildin og starfsmenn deildar eru þátttakendur eða meðlimir í ýmsum fjölþjóðlegum samtökum, eins og Public Private Partnership in pre-breeding (PPP), European Grassland Federation (EGF), Norræni Genbankinn (NordGen), European Federation of Animal Science (EAAP), Centre for Genetic Resources (CGR) og Erfðanefnd landbúnaðarins.

### Ráðstefnur og fundir

Vegna Covid var lítil þátttaka í ráðstefnum þetta árið.

Þóroddur Sveinsson sótti vinnustofu í Málmö 5.-6. febrúar á vegum Public-Private Partnerships in Pre-Breeding samstarfsins sem bar yfirskriftina *Nordic Plant Genetic Resources Enhancement in a changing climate*.

Skipulagning á hinum árlega Ráðunautafundi hófst í tvígang á árinu sem var á endanum aflýst vegna Covid.

### Innviðaupbygging

Haldið var áfram með uppbyggingu á Jarðræktar- miðstöðinni á Hvanneyri og tækjakostur eflur enn frekar. Styrkur frá Innviðasjóði Rannís upp á 27 milljónir var nýttur til kaupa á kornþreskivél (Sif II) og þá voru einnig fest kaup á reitaáburðadreifara. LbhÍ fékk arf frá Magnúsi Óskarssyni kennara og tilraunastjóra á Hvanneyri.



Þá hélt vinna áfram í starfshópi sem vinnur að þarfagreiningu fyrir nautgriparæktarrannsóknir á Íslandi, grunnhönnun á nýju tilraunafjösi, kostnaðarmati og fjármögnunarleiðum. Í hópnum eru starfsmenn LbhÍ sem tengjast nautgriparækt, sérfræðingar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og fulltrúar úr fagráði Landssambands kúabænda. Vonast var til að skýrsla yrði tilbúin í árslok en vinnan hefur tafist. Nú er stefnt að skýrslu á haustdögum 2021.

### **Starfsmannamál og stjórnýsla**

Við deildina störfuðu 25 manns eða 22 ársverkum árið 2020. Sigríður Björnsdóttir dýralæknir fékk stöðu gestaprófessors, Charlotta Oddsdóttir dýralæknir fékk stöðu gestalektors við deildina. Friederike Dima Danneil var ráðin sem verkefnastjóri í jarðrækt, Jóhannes Guðbrandsson var ráðinn sem nýdكتور í verkefnið Fiskveiðar til framtíðar. Anna Guðrún Þórðardóttir, Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, Kristín Sveiney Baldursdóttir og Gunnar Örn Kárason voru ráðin sem starfsmenntunarkennarar og Teitur Sævarsson og Þorbjörg Helga Sigurðardóttir

voru ráðin sem aðstoðarmenn í rannsóknum. Fjórir starfsmenn létu af störfum á árinu, Emma Eyþórsdóttir, Albína H. Pálsdóttir, Magnus Göransson og Þórey Gylfadóttir.

Haldnir voru fjórir deildarfundir og var fyrsti fundur deildarinnar haldinn 7. janúar. Þóroddur Sveinsson gaf kost á sér til deildarforseta og Erla Sturludóttir sem varadeildarforseti. Þau voru síðar kosin í rafrænni kosningu. Þá var deildarráð skipað á árinu en í deildarráði sitja: Birna Kristín Baldursdóttir, Erla Sturludóttir, Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, Guðrídur Helgadóttir, Jóhannes Kristjánsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Hallsteinn Hallson, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir og Þóroddur Sveinsson.

Helstu mál sem fjallað var um á deildarfundum voru: Starfsmannamál, nýjar reglur LbhÍ, stefnumótun deildarinnar sem er langt komin og staða garðyrkjunámsins á Reykjum.

## Náttúra & Skógur

ISABEL C. BARRIO, DEILDARFORSETI

Náttúru- og skógadeild Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) sinnir rannsóknum og kennslu í almennum náttúruvísindum og skógfræði. Við deildina var árið 2020 starfrækt ein námsbraut í starfsmenntanami, *Skógur og Náttúra*, tvær námsbrautir í grunnnámi til bakkalár gráðu (BS), *Náttúru- og umhverfisfræði* og *Skógfræði*, ásamt nýrri sameiginlegri MS braut, *Umhverfisbreytingar á norðurslóðum* (EnCHiL). Einnig býður deildin upp á rannsóknatengt framhaldsnám til meistara- og doktorsgráðu. Mikil áhersla á umhverfismál, landið og nýtingu þess skapar LbhÍ sérstöðu meðal háskóla á Íslandi.

### Námið 2020

Árið 2020 útskrifuðust alls 3 nemendur úr starfsmenntanami deildarinnar, 6 nemendur úr grunnnámi og 3 með meistaraþróf. Haustið 2020 hófu 7 nemendur starfsmenntanám og 34 grunnám. Í desember 2020 voru 33 í MS námi og 8 í doktorsnámi hjá deildinni. Brautarstjórar árið 2020 voru Björgvin Eggertsson fyrir *Skóg og Náttúru*, Ragnhildur Helga Jónsdóttir fyrir *Náttúru- og umhverfisfræði*, Bjarni Diðrik Sigurðsson fyrir *Skógfræði* og Isabel C. Barrio fyrir EnCHiL MS námsbraut.

Ný alþjóðleg MS námsbraut *Umhverfisbreytingar á norðurslóðum* (EnCHiL) var stofnuð við LbhÍ og hófst haustið 2020. Þetta er sameiginlegt meistaranám



með Lundarháskóla (LU) og Helsinkiháskóla (UH). Fyrstu fimm nemendurnir voru innritaðir í námið á árinu 2020.

Tveir doktorsnemar útskrifuðust árið 2020. Brynja Hrafnkelsdóttir varði doktorsritgerð sína í skógfræði, með áherslu á skordýrafræði, við Náttúru- og skógardeild. Titill doktorsritgerðarinnar var „Samspil á milli innlendra beitarskordýra, innfluttra plantna og loftslagsbreytinga á Íslandi“. Aðalleiðbeinandi Brynju var Guðmundur Halldórsson gestaprófessor við LbhÍ.



Einnig varði Þórunn Pétursdóttir doktorsritgerðina sína í júní 2020. Ritgerðin hét „Stýring á landnotkun og endurheimt vistkerfa. Langtíma árangur umhverfis- og landbúnaðarstefnu á sjálfbæra landnýtingu og endurheimt vistkerfa á Íslandi“. Aðalleiðbeinandi Þórunnar var Ása L. Aradóttir.



Tveir doktorsnemar hófu rannsóknarverkefnið sitt sem hluti af Evrópuverkefninu FutureArctic. Ruth Phoebe Tchana rannsakar hvernig hlýnun hefur áhrif á vaxtarferil graslendisgróðurs og aðra lífeðlisfræðilega þætti. Amir Hamedpour rannsakar notkun gervigreindar og flygilda (dróna) við náttúrufarsrannsóknir á Íslandi. Bjarni Diðrik Sigurðsson er aðalleiðbeinandi þeirra beggja.

## Verkefnastykir 2020 og alþjóðasamstarf

Árið 2020 fékk deildin alls um 75 milljónir krónur í styrki í rannsóknaverkefni. Meðal annars er LbhÍ þátttakandi í verkefninu CHARTER sem fékk styrk frá H2020 styrkjakerfi Evrópusambandsins yfir fjögur ár (2020-2024) og stýrt er af Arctic Centre hjá University of Lapland. Isabel C. Barrio er tengiliður LbhÍ. Verkefnið snýst um áhrif loftslags og breytinga á landnotkun á líffræðilegan fjölbreytileika á norðurslóðum (e. *Drivers and Feedbacks of Changes in Arctic Terrestrial Biodiversity*). Einnig er LbhÍ þátttakandi í ITN-Evrópuverkefninu FutureArctic þar sem 15 doktorsnemar vinna rannsóknir á áhrifum hlýnunar á vistkerfi. Bjarni Diðrik Sigurðsson er tengiliður LbhÍ. Aðal rannsóknasvæði verkefnisins er á landi skólans á Reykjum í Ölfusi. Tveir doktorsnemar við LbhÍ eru að fullu fjármagnaðir í gegnum þetta verkefni. Í árslok fékkst vilyrði fyrir styrk úr Markáætlun um samfélagslegar áskoranir í verkefnið „*Endurheimt birkivistkerfa á 21. öld—áskoranir, leiðir og ávinningur (BirkiVist)*”, sem er samstarfsverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands, Landgræðslunnar, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Skógræktarinnar og fleiri aðila. Verkefnið hefst formlega vorið 2021.

Árið 2020 var Landbúnaðarháskóli Íslands formlega samþykktur sem hluti af Háskóla norðurslóða (UARctic). Isabel C. Barrio er tengiliður LbhÍ við þetta alþjóðlega háskólasamstarf. Einnig var Herbivory Network, rannsóknatengslanet hýst í LbhÍ, viðurkennt sem UARctic Thematic Network.

Pavla Dagsson-Waldhauserová og Ólafur Arnalds ásamt ryktemi Alþjóðaveðurstofnunarinnar (WMO) hafa þróað kerfi til að spá fyrir um uppfok ryks á Íslandi. Spálíkanið byggir á svokölluðu DREAM-líkani (Dust Regional Atmospheric Model) og var þróað af Veðurstofunni í Serbíu (Republic Hydrometeorological Service of Serbia) í samvinnu við starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands. Styrktaraðilar að þessari vinnu voru EU-COST verkefnið „inDust“ sem hefur gegnt lykilhlutverki við að tengja saman sérfræðinga í rannsóknum á ryki í heiminum, auk samstarfs við Rykrannsóknafélag Íslands.

LbhÍ fékk verkefnisstyrk frá Orkurannsóknasjóði Landsvirkjunar til að hefja verkefnið „Mótvægis-aðgerðir gegn loftslagsbreytingum: Er áburðargjöf í skógrækt umhverfislega sjálfbær“ í samstarfi við University of Eastern Finland og „*Áhrif ryks og sóts á íslenskan snjó og jökulís*“ í samstarfi við Finnish Meteorological Institute.

Jarðvegsstofa LbhÍ Keldnaholti var tilnefnd af Landgræðslunni sem National Reference Laboratory fyrir Ísland til Food and Agricultural Organization of the United Nations til að taka þátt í Global Soil Laboratory Network (GLOSOLAN) sem stofnað var árið 2017. Markmið GLOSOLAN er að byggja upp jarðvegsrannsóknastofur um allan heim og samræma jarðvegsgreiningar og aðferðir með því augnamiði að geta veitt sambærilegar upplýsingar milli landa og borið saman, skapa grundvöll fyrir nýja samræmda gagnagrunna og styðja við gagnreynda ákvarðanatöku um meðhöndlun og stjórnun jarðvegsauðlindarinnar. Með því að vera tilnefnd sem National Reference Laboratory fyrir Ísland er ábyrgð sett á Jarðvegsstofuna til að vera leiðandi í aðstöðu, aðferðum, mælingum og tækjakosti.

## Ritstörf

Starfsmenn deildarinnar voru höfundar að 34 ritrýndum greinum árið 2020. Af útgefnum

alþjóðlegum greinum var ein sem birtist í *Nature Ecology & Evolution* (Walker o.fl. 2020) frá rannsóknum sem unnar voru á Reykjum í Ölfusi á rannsóknasvæði ForHot undir stjórn Bjarna Diðriks Sigurðssonar. Einnig voru Ólafur Arnalds og Pavla Dagsson-Waldhauserová meðhöfundar vísindagreinar sem kom út í *Science Advances* (Sanchez-Marroquin o.fl. 2020) um rannsóknir á ryki.

### Starfsmannamál

Í desember 2020 voru 19 fastir starfsmenn við Náttúru- og skógadeild. Emmanuel Pagneux kom til starfa 1. ágúst sem lektor í landupplýsingafræðum og fjarkönnun. Ruth Phoebe Tchana kom til starfa í júní sem doktorsnemi. Tveir starfsmenn voru í rannsóknaleyfi eða veikindaleyfi árið 2020. Jan Axmacher var boðin staða sem gestaprófessor við deildina. Tuttugu og tvær umsóknir bárust í stöðu lektors í umhverfisfræði sem auglýst var í ágúst 2020.

### Stjórnsýsla

Á árinu 2020 voru haldnir fjórir deildarfundir. Helstu mál deildarfunda voru stefnumótunarmál í rannsóknum og kennslu sem enn er í vinnslu og staða garðyrkjunáms í skólanum.

### Innviðir 2020

Árið 2020 var keypt nýtt kolefnismælitæki. Innviðasjóður styrkti kaup á nýju tæki til mælinga á ljóstillífun, öndun, útgufun og flúrljómun frá

